

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 10. október kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1130. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Sigurður Stefán Karlsson, Margrét Pálína Cassaro.

Fundarritari var Kristín Björg I. Sverrisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarhlíð 1 – USK23090010
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á jarðhæð í húsi á lóð nr. 1 við Arnarhlíð.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Álfabakki 2A – USK23080010
Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, tveggja hæða að hluta, klætt steinullarsamlokueiningum og málmklæddu yfirborði á lóð nr. 2 við Álfabakka.
Stærð, A-rými: 10.764,2 ferm. 75.545,7 rúmm.
B-rými: 357,2 ferm.
Samtals: 11.121,4 ferm., 76.898,3 rúmm.
Erindi fylgir brunahönnun dags. 20. júlí 2023, mæliblað dags. 23. mars 2023, hæðarblað dags. 8. júlí 2023 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 2. ágúst 2023.
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Bitruháls 2 – USK23080154
Sótt er um stöðuleyfi fyrir fjóra 40" gáma á lóð nr. 2 við Bitruháls.
Erindi fylgir samykki lóðarhafa dags. 8. september 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Bitruháls 2 – USK23070187
Sótt er um stöðuleyfi fyrir tvo gáma, 20" og 40", á lóð nr. 2 við Bitruháls.
Erindi fylgir samykki lóðarhafa dags. 8. september 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Bjargargata 1 – USK23080204
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051881 og breyta innra skipulagi á 1. hæð í Grósku á lóð nr. 1 við Bjargargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 25. ágúst 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Bjargargata 1 – USK23090267
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051881 með því að endurinnrétta rými á 1. hæð og breyta svalagólfi á þaksvölum í húsi nr. 1 við Bjargargötu.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Brautarholt 22 – USK23050100
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi veitingarstaðar í flokki (?), tegund (?) fyrir (?) gesti, á 1. hæð, rými 0101, í hótél- verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 22 við Brautarholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. Bæjarflöt 19D – USK23070164
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 19A við Bæjarflöt.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Lagfæra skráningu.
9. Bæjarháls 100 – USK23090094
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058735, breytingin felst í að uppfæra brunavarnalýsingu fyrir hús á lóð nr. 100 við Bæjarháls
Gjald kr. 14.500.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. Dugguvogur 53 – USK23040142
Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 01-0101 úr vörugeymslu í bílaþvottastöð í húsi nr. 53 á lóð nr. 53 við Dugguvog.
Erindi fylgir afrit útgefna aðaltekninga, hæðar- og mæliblað og samkomulag um nýtingu bílastæða við Dugguvog 46 dags. 28. september 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Fiskislóð 41 – USK23090286
Sótt er um leyfi að breyta erindi BN061019 á lóð nr 41 við Fiskislóð
Gjald kr. 14.500.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Gjúkabryggja 10 – USK23070143
Sótt er um leyfi til að byggja fjögur, 3-4 hæða fjölbýlishús með 103 íbúðum með geymslum í kjallara og sameiginlegri bílageymslu á lóð nr. 10 við Gjúkabyggð.
Stærð alls: 11.518.9 ferm., 31.834.2 rúmm.
Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar og brunahönnuðar Lotu ehf, mæliblað 4.022.2 dags 9. mars 2022 og hæðablað í skoðun dags. 2. desember 2020.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Grensásvegur 24 – USK23030024

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716 þannig að viðbygging er stækkuð og hækkuð til suðurs við gistiheimili í flokki II, teg. b., fyrir 26 gesti, í mhl. 01 á lóð nr. 24 við Grensásveg.

Stækkun: 336.0 ferm., 956.4 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, lóðarblað og umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 1. apríl 2022 .

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 22 og Heiðargerði 65, 63, 61 og 59, frá 14. júní 2023 til og með 12. júlí 2023.

Engar athugasemdir bárust

Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Lagfæra skráningu.

14. Grettisgata 34 – USK23070236

Sótt er um leyfi til að fá ósamþykktu íbúð, samþykktu í húsi á lóð nr. 34 við Grettisgötu
Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. Hallgerðargata 13 – USK23090024

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 3. hæðar í húsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Haðaland 26 – USK23090123

Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi lóðar og aðkomu að húsi á lóð nr. 26 við Haðaland

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Hjallavegur 16 – BN061509

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr á lóð nr. 16 við Hjallaveg.

Stærð: 40 ferm., 132 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Hjallavegs nr. 18 áritað á uppdrátt dags. 4. ágúst 2022.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 13.

október 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags 13. október 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.

Gjald kr. 13.200.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

18. Holtavegur 10 – USK23090253

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061191 þannig að innra skipulagi er breytt á 1. og 2. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 10 við Holtaveg.

Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Klettagarðar 7 – BN061673

Lagt fram bréf byggingarfulltrúa dags. 9. október 2023 þar sem umsækjanda er tilkynnt um niðurfellingu á byggingarleyfi BN061673, útgefið 5. október 2023, þar sem ekki lá fyrir umsögn og samþykki Faxaflóahafna um uppbyggingu á lóðinni nr. 7 við Klettagarða.

Samþykkt að fella úr gildi byggingarleyfi nr. BN061673.

20. Koparsléttu 4 – USK23090097

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061725, þannig að innra skipulagi er breytt og gerð gryfja undir hluta skúrs, mhl. 11, á lóð nr. 4 við Koparsléttu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

21. Kringlan 7 – USK23070178

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulag 4. og 5. hæðar í húsi á lóð nr. 7 við Kringlu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Lambhagavegur 12 – USK23080234

Sótt er um leyfi til að byggja bílapvottastöð, sjálfsafgreiðslustöð fyrir jarðefnaeldsneyti og rafhleðslustöð á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.

Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Lagfæra skráningu.

23. Laugavegur 143 – USK23070246

Sótt eru um leyfi til að gera svalir út frá hverri íbúð / hæð og breyta núverandi gluggum í hurðir, auk þess eru teikningar innanhúss upp færðar með smávægilegum breytingum sem hafa verið gerðar á baðherbergjum og eldhúsum allra íbúðanna frá því sem er á upphaflegum gildum aðaluppdráttum af húsinu. Að öðru leiti er skipulag innanhúss óbreytt. Útlit byggingarinnar er óbreytt frá gildum aðaluppdráttum nema gluggar hafa verið endurgerðir í samræmi við upphaflegar teikningar af húsinu. Á baklód hússins er gert ráð fyrir 3 bílastæðum, einu fyrir hverja íbúð í húsi nr. 143 við Laugarveg. Erindinu fylgir samþykki allra eiganda dags. 24. apríl 2023 og álit Minjastofnunar dags. 22. ágúst 2023.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Norðlingabraut 6 – USK23020209
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta verkstæðisbyggingu á einni hæð fyrir réttingar og bílasprautun á lóð nr. 6 við Norðlingabraut.
Stærð: 1.768 ferm., 10.934,8 rúmm.
Erindi fylgir hæðar- og mæliblað og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
25. Rafstöðvarvegur 14 – USK23090126
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útlit húss á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. Skúlagata 30 – USK23060097
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða stálgrindarhús, einangrað og klætt loftuðum áklæðningum, innrétt þar gististað í flokki II, teg. g, 19 gistieiningar fyrir 57 gesti, á steiptum kjallara með sex bílastæðum og tengist bílakjallara sem fyrir er á reitnum, sunnan við hús á lóð nr. 30 við Skúlagötu.
Erindi fylgir yfirlýsing um kvaðir á lóð dags. 25. október 2018 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett.
Stærð, A-rými: 3.004,9 ferm., 9.533,4 rúmm. B-rými: 156,8 ferm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
27. Smiðjustígur 13 – USK23010141
Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja tveggja hæða hús í gömum stíl ofan á kjallara sem fyrir er, ásamt tengibyggingu yfir í mhl. 01 með sameiginlegu anddyri fyrir bæði húsin, sameina matshlutana og innrétt fjögur, tveggja manna herbergi fyrir 10 gesti, í gististað í flokki II, teg. C í nýja húsinu en eldra hús verður áfram einbýlishús á lóð nr. 13 við Smiðjustíg.
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 28. desember 2022, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags, 12. desember 2022, minnisblað með geislunarútreikningum frá Brunahönnun slf., dags. 9. júlí 2021, greinargerð aðalhönnuðar merkt 12-20-026 útg. 001 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2021 og 19. september 2023.
Stækkun: 131,2 ferm.
Eftir stækkun: 421,5 ferm., 1.450,8 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
28. Stigahlíð 86 – USK23090210
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, 2ja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, að hluta einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu á lóð nr. 86 við Stigahlíð.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 9. september 2023.
Stærð 385,1 ferm., 1.305,5 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.
29. Sæmundargata 4-10 – USK23080232

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð húss á lóð nr. 4 - 10 við Sæmundargötu.
Gjald kr. 14.500.
Frestað.
Vísað til athugasemda.

30. Vatnsveituv. Skálará – USK23100094
Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, 02 og 71 á lóð nr. 1 við Stekkjarbakka Vatnsveituvegur við Skálará.
Magn: kg. 130.210
Erindið fylgir meðhöndlun úrgangs
Erindið fylgir umsögn Minjastofnunar
Erindið fylgir hússaskrá Borgarsögusafn Reykjavíkur
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. Vegbrekkur 9-15 – USK23050025
Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á lóðarluta nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Vegbrekkur.
Stærð: 495,2 ferm., 1,334.5 rúmm.
Erindi fylgir hæðarblað dags. febrúar 2008, mæliblað dags. 12. nóvember 2003 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað.
Lagfæra skráningu.
32. Vesturgata 3 – USK23020049
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046742 vegna lokaúttektar, þ.e. staðsetning á sorpi, innra skipulagi kjallara, 2. og 3. hæða, auk þess að breyta útliti suðurhlíðar í mhl. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
33. Vorsabær 16 – USK23090012
Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg milli eldhúss og stofu í einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Vorsabæ.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 7. september 2023.
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 11:52

Brynjar Þór Jónasson

Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson

Margrét Pálína Cassaro
Kristín Björg I. Sverrisdóttir